



Fundarboð

Ólafur Ingólfsson

prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands
heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu
fimmtudaginn 25. mars 2004, kl. 20:00

Handan við hafisinn - Jöklar og fornveðurfar á Suðurskautslandinu

Umfangsmiklir jöklar hafa þakið Suðurskautlandið að mestu leiti um milljónir ára. Sveiflur í umfangi jökla og veðurfari þar hafa haft mikil áhrif á veðurfar og sjávarstöðu um allan heim. Í dag velta menn fyrir sér hugsanlegum afleiðingum þess að hluti meginlandsjökulsins sem hylur vesturhluta Suðurskautslandsins gæti hörfað hratt vegna hlýnunnar og jafnvel orsakað stórfellda hækkun sjávarstöðu um heim allan. Samtímis er saga umhverfisbreytinga á Suðurskautslandinu ekki vel þekkt. Íslaus svæði eru víða óaðgengileg og erfið til rannsókna vegna kulda, illviðra og mikilla vegalengda þar sem fara verður um veglaust land hulið sprungnum jöklum. Því þarf mikinn viðbúnað eins og ísbrjóta og þyrlur til að komast til rannsókna víða í þessari heimsálfu.

Í fyrirlestrinum mun Ólafur lýsa rannsóknarleiðingum til Suðurskautslandsins, hvernig farið er um þessar óravíðáttur og því sem á daga manns getur drifið á þessu stærsta óbyggða bóli jarðar. Þá mun Ólafur segja frá rannsóknum sínum sem einkum snúast um þróun veðurfars og jökla síðustu 20.000 árin. Niðurstöður þessara rannsókna eru um margt nýstárlegar. Svo virðist sem jöklar og veðurfar á Suðurskautslandinu séu um margt úr fasa við veðurfars- og jöklabreytingar á norðurhveli, en það sé tenging á milli heimshvelanna í gegnum sjávarstöðu. Þannig geti vöxtur og leysing jökla á norðurhveli haft áhrif á jöklabreytingar á suðurhveli. Einnig verður fjallað almennt um náttúrusögu Suðurskautslandsins og t.d. lýst niðurstöðum rannsókna sem varða sögu mörgæsavarpa með ströndum heimsálfunnar.

Ólafur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1974, hóf jarðfræðináms við HÍ haustið 1976, og lauk B.S. prófi 1979. Að loknu 4. árs verkefni í ísaldarjarðfræði fór hann til Lundar, nam jökla- og ísaldarjarðfræði og varði doktorsritgerð sína þar 1987. Ritgerðin fjallar um jarðsögu neðri hluta Borgarfjarðar á síðjökultíma. Hann var vísindamaður við Lundarháskóla frá 1988 til 1994 og vann aðallega að rannsóknum á jöklunarsögu heimskautasvæðanna. Hann fluttist þá í dósentstöðu við Gautaborgarháskóla og varð prófessor 2000. Hann tók tímabundna stöðu sem prófessor í jarðfræði við Háskólasetrið á Svalbarða, og bjó þar árin 2000-2003, en flutti þá til Íslands og tók við stöðu prófessors við HÍ. Ólafur hefur tekið þátt í 5 rannsóknarleiðingum til Suðurskautslandsins, og 15 leiðingum til norðurheimskautssvæðanna. Hann hefur á síðustu 20 árum birt um 60 vísindagreinar í ritryndum tímaritum og bókum.

Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.